# ÁRSSKÝRSLA 2020

## Ársfundur 27.maí 2021

Fræðslusetrið Starfsmennt
www.smennt.is

Ársskýrsla 2020

© Fræðslusetrið Starfsmennt, maí 2021
Ábyrgðarmaður Guðfinna Harðardóttir

Skipholti 50b
105 Reykjavík

Sími 550 0060
Netfang: smennt@smennt.is
Veffang: www.smennt.is

# Efnisyfirlit


1. Um Starfsmennt ..... 2

   Stjórn og starfsmenn ..... 2

2. Starfsárið 2020 – samantekt ..... 3

3. Námsframboð og skráningar ..... 4

   Heildarframboð, skráningar og þátttaka ..... 4

   Hlutfallsleg skipting skráninga eftir stéttarfélagsaðild ..... 5

   Áhrif kórónaveirunnar ..... 6

4. Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar ..... 7

   Nám og viðburðir eftir innihaldi ..... 7

   Samstarf við stofnanir um nám og fræðslu ..... 9

5. Ráðgjöf á sviði fræðslu og mannauðseflingar ..... 10

6. Þróunarverkefni, samstarf og kynningar ..... 12

   Samstarf um nám og mannauðseflingu ..... 12

   Erlent samstarf ..... 14

   Kynningar ..... 15

7. Fjármögnun og rekstur ..... 16

Viðauki – Námsframboð og skráningar árið 2020 ..... 18

# 1. Um Starfsmennt

Fræðslusetrið Starfsmennt var stofnað árið 2001 og er samstarfsvettvangur fjármála- og efnahagsráðuneytis og flestra aðildarfélaga BSRB um starfstengt nám, starfsþróun og ráðgjöf. Hlutverk setursins er að styðja færniþróun opinberra starfsmanna svo þeir séu betur í stakk búnir til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni og jafnframt að auka möguleika stofnana á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma.

Starfsmennt miðar að því að vera leiðandi starfsmenntar- og ráðgjafamiðstöð og eftirsóknarverður samstarfsaðili í viðleitni opinberra stofnana til að efla fagmennsku og færni í starfi og í að skapa uppbyggilegt og hvetjandi vinnuumhverfi. Starfsmennt er hugmyndabanki, umsjónaraðili og framkvæmdaaðili að verkefnum sem lúta að starfsþróun ríkisstarfsmanna, metur þörf fyrir fræðslu hjá einstökum stofnunum eða stofnanahópum og hefur frumkvæði að því að búa til námskeið sem svara þeirri þörf. Hlutverk Starfsmenntar eru að:

- bjóða opinberum starfsmönnum víðtæka möguleika til menntunar og þroska.
- aðstoða stjórnendur við mótun vinnustaðamenningar og starfsumhverfis sem miðar að því að auka ánægju og hvatningu í starfi.

Nám og ráðgjöf Starfsmenntar eru stofnunum og starfsmönnum ríkisins að kostnaðarlausu ef um er að ræða þjónustu við starfsmenn sem eru félagsmenn í aðildarfélögum fræðslusetursins. Gerðir hafa verið samstarfssamningar við ýmsa mannauðssjóði bæjarstarfsmannafélaga, sjóði háskólamanna, annarra stéttarfélaga og Fræðslusjóð til að fleiri hópar geti nýtt námskeiðin og að ráðgjöf til stofnana nái til sem flestra starfsmanna þeirra.

## Stjórn og starfsmenn

Stjórn Starfsmenntar er skipuð eigendum setursins til jafns, tveimur fulltrúum frá stéttarfélögum og tveimur fulltrúum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Engin breyting varð á fulltrúum í stjórn milli ára og var hún því svo skipuð árið 2020:

Aðalmenn:

- Þórarinn Eyfjörð, formaður (Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu)
- Einar Mar Þórðarson varaformaður (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR – stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu)
- Elín Valgerður Margrétardóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti)

Varamenn:

- Aldís Magnúsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Jóhanna Þórdórsdóttir (Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu)
- Halldóra Friðjónsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Þórveig Þormóðsdóttir (Félag starfsmanna stjórnarráðsins)

Stjórn hélt þrjá hefðbundna fundi á árinu en að auki voru tveir vinnudagar með aðalmönnum, varamönnum og starfsmönnum fræðslusetursins haldnir í desember til að ræða stefnu og áherslur í starfi. Allir viðburðirnir fóru fram í fjarfundi nema ársfundurinn sem haldinn var föstudaginn 28.ágúst 2020 í húsnæði Starfsmenntar.

Árið 2020 voru starfsmenn alls sex í 5,8 stöðugildum og voru engar breytingar á starfsmannahópnum milli ára. Starfsmennt fræðslusetursins voru Björg Valsdóttir, skrifstofustjóri, Guðfinna Harðardóttir, framkvæmdastjóri, Helga Rún Runólfsdóttir, mannauðráðgjafi, Júlía Hrönn Guðmundsdóttir, Soffía Guðný Santacroce og Sólborg Alda Pétursdóttir, verkefnastjórar. Guðrún H. Sederholm sinnti sem fyrr náms- og starfsráðgjöf í verktöku. Starfsmannafundir voru haldnir nokkuð reglubundið en þó sjaldanr en áður og urðu þeir alls 15 árið 2020.

Skoðunarmenn ársreikninga og löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young.

## 2. Starfsárið 2020 – samantekt

Líkt og hjá öðrum litaðist starfsemi Starfsmenntar árið 2020 töluvert af heimsfaraldri kórónaveirunnar. Segja má að sumar áskoranirnar hafi verið kærkomnar því þær ýttu fræðsluaðilum út í að nýta betur rafræna miðla í nám og kennslu. Starfsmennt var engin undantekning og nýtti bæði Teams og Zoom í kennslu en einnig voru þessir miðlar nýttir til að halda rýnihópafundi í ráðgjafaverkefnum og eiga samtal við einstaklinga sem óskuðu eftir starfsþróunarráðgjöf. Að mörgu leyti var aðdáunarvert að sjá hversu fljótt bæði kennarar og þátttakendur tileinkuðu sér þessa nýju tækni í því skyni að miðla fræðslu og efla hæfni sína.

Árið 2019 voru námstilboð á vegum Starfsmenntar 290 en árið 2020 voru þau nokkru færri eða 264. Skráningar í nám og fræðslu á vegum Starfsmenntar voru hins vegar nokkru fleiri árið 2020 en árið á undan eða 3.107 á móti 2.730. Áfram var lögð sérstök áhersla á að bjóða upp á námskeið sem taka til þátta sem fjórða iðnbyltingin krefst og eins var bætt við námskeiðum um notkun fjarfundabúnaðar eins og Microsoft Teams til að mæta nýjum raunveruleika margra opinberra starfsmanna. Þá lauk Starfsmennt við þróun námskeiðs sem styður við almenna stafræna hæfni eins og hún er skilgreind af Evrópusambandinu. *Stafræna hæfnihjólið* er námskeið gert úr 16 námsþáttum og er námskeiðið opið öllum endurgjaldslaust á vef Starfsmenntar. Einnig hefur stofnunum boðist að fá námskeiðið til að setja inn í námskerfi stofnunar, ef slíkt er fyrir hendi.

Fjórða iðnbyltingin eða stafræna byltingin krefst þó ekki einungis hæfni til að nota upplýsingatækni heldur þarfnast samfélagið þess að mannveran rækti með sér sína mannlegu eiginleika eins og tilfinningagreind, þrautseigju, gagnrýna hugsun og sköpun. Námsframboð Starfsmenntar árið 2020 endurspeglar þessa þörf og var boðið upp á ýmis námskeið til að efla sjálfstraust, auka seiglu, beita gagnrýnni hugsun og vekja sköpunarkraftinn.

Ýmis konar samstarf hélt áfram á árinu þrátt fyrir Covid. Starfsmennt var í samvinnu við SÍMEY á Akureyri um þróun námskrár fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja og sundlauga. Endurskoðunin byggir bæði á Þrótti, námskrá sem Starfsmennt vann fyrir nokkrum árum, sem og hæfnigreiningum og starfaprófílum sem SÍMEY vann árið 2018. Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar veitti SÍMEY styrk til að þróa raunfærnimat til styttingar náms skv. námskránni og á Starfsmennt fulltrúa í stýrihópi þess verkefnis. Vonir eru því bundnar við að árið 2021 geti viðurkenndir framhaldsfræðsluaðilar boðið upp á vottað nám ásamt raunfærnimati fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja og sundlauga.

Tvö erlend samstarfsverkefni eru í gangi *Transforming VET 4.0* sem lýtur að þeim áskorunum sem starfsmenntun og starfsmenntakennarar standa frammi fyrir í tengslum við fjórðu iðnbyltingun og lýkur því verefni árið 2021. Nýtt verkefni hófst í árslok 2020 sem nefnist *Com(m) on-line*. Markmið þess er að skilja betur hvaða kennslufræði hentar efni og aðstæðum hverju sinni þegar kennsla og nám fara fram um stafræna miðla.

Breytingar á kjarasamningum opinberra starfsmanna þar sem veitt er heimilt til endurskoðunar á vinnutíma kallaði einnig á stuðning og bauð Starfsmennt þess vegna upp á nokkur námskeið um betri tímastjórnun og skipulag verkefna. Þá var leitað til Starfsmenntar á haustmánuðum um umsýslu með námskeiðum í tengslum við innleiðingu á betri vinnutíma í vaktavinnu. Í desember voru sett upp 17 námskeið til að styðja við innleiðinguna og heldur verkefnið áfram fram á mitt ár 2021. Auk umsýslu með námskeiðum útbjó Starfsmennt þrjú myndbönd sem hafa birst á vef verkefnisins www.betrivinnutimi.is.

# 3. Námsframboð og skráningar

Starfsmennt býður upp á margs konar nám og viðburði og er hluti þess opinn öllum en sumt einungis ætlað félagsmönnum aðildarfélaga fræðslusetursins eða tilteknum starfshópum. Árið 2020 litaðist af heimsfaraldri kórónaveirunnar og má merkja þau áhrif á nokkrum verkefnum meðal annars stofnananáminu en fram til þessa hefur það aðallega falist í staðbundinni fræðslu inni á stofnun og þar sem staðbundin fræðsla féll að mestu leyti niður í mars 2020 varð minna um nám hjá stofnunum en verið hefur síðustu ár.

## Heildarframboð, skráningar og þátttaka

Árið 2020 voru námstilboð og viðburðir, sem aðildarfélagar gátu sótt á vegum Starfsmenntar, alls 264 eða um 9% færri en árið á undan þegar þau voru 290. Skráningum[1] í nám og á viðburði á vegum Starfsmenntar fjölgaði hins vegar um 14% milli ára, úr 2.730 árið 2019 í 3.107 árið 2020 (sjá töflu 1). Helstu ástæður aukningarinnar má rekja til þátttöku á vefnámskeiðum um breyttan vinnutíma í vaktavinnu, sem hafa verið mjög fjölmenn. Hin mikla sprenging sem varð í vefnámi gaf einnig aukin tækifæri til að ná til fleiri í einu og má sem dæmi nefna tvö námskeið Launaskólans en annað var haldið í staðnámi í janúar og voru þátttakendur 22 en á vefnámskeiði, sem haldið var í nóvember, töldu þátttakendur 62. Vert er þó að taka það fram að það er metið hverju sinni hver er hentugur hámarksfjöldi þátttakanda, því námskeiðum hentar misvel að hafa mikinn fjölda í einu.

**Tafla 1. Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar, framboð og skráningar 2016-2020**

| | Framboð | | Skráning | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Breyting frá fyrra ári | Fjöldi | Breyting frá fyrra ári |
| Árið 2020 | 264 | -9% | 3.107 | 14% |
| Árið 2019 | 290 | -3% | 2.730 | -23% |
| Árið 2018 | 299 | 25% | 3.554 | 10% |
| Árið 2017 | 240 | 19% | 3.237 | 20% |
| Árið 2016 | 202 | 36% | 2.692 | 34% |

Stundum vill verða að ekki næst full þátttaka á námskeið á vegum Starfsmenntar eða samstarfsaðila fræðslusetursins og því getur þurft að fella niður námskeið. Árið 2020 var vissulega sérstakt að þessu leyti og er nánar fjallað um áhrif kórónaveirunnar í sérstökum kafla hér á eftir. Í heildina þurfti að fella niður 28 námskeið, sem þó er minna en árið 2019 þegar ekki náðist skráning á 40 námskeið. Fleiri þátttakendur voru þó afboðaðir árið 2020 en árið á undan eða 217 á móti 90. Heildarfjöldi þátttakenda í námi árið 2020 varð því 2.890 og í heildina voru haldin 236 námskeið, námsleiðir og/eða viðburðir (sjá töflu 2 og nánar í kaflanum *Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar*).

[1] Gerður er greinarmunur á *skráningum* og *þátttöku* að því leyti að skráningar ná yfir allt framboð hvort sem námskeið eða viðburðir voru haldin eður ei, en þátttaka nær einungis yfir þá viðburði (námskeið/námsleiðir/fyrirlestra/viðburði) sem haldnir voru.

**Tafla 2. Framboð og raunfjöldi þátttakenda árið 2020**[1]

| | Framboð | Fjöldi þátttakenda |
|---|---|---|
| Haldin námskeið og viðburðir | 236 | 2.890 |
| Námskeið og viðburðir felldir niður | 28 | 217 |
| **Alls** | **264** | **3.107** |

## Hlutfallsleg skipting skráninga eftir stéttarfélagsaðild

Nám á vegum Starfsmenntar er félagsmönnum aðildarfélaga og samstarfssjóða að kostnaðarlausu en aðrir greiða námskeiðsgjöld. Í ársbyrjun 2019 sameinuðust SFR og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar í eitt félag *Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu*, sameiningin breytti þó engu um aðild að Starfsmennt og er því gerður greinarmunur á þessum tveimur hópum í töflu 3.

Af heildarfjölda skráninga í nám og á viðburði á vegum Starfsmenntar árið 2020 voru 34% úr röðum félagsmanna Sameykis (áður SFR). Næstfjölmennustu hópana skipa félagsmenn aðildarfélaga Samflots og BHM og því næst eru félagsmenn í starfsmannafélögum Kópavogs, Suðurnesja og Garðabæjar (KSG). Nánari skiptingu skráninga eftir stéttarfélagsaðild er að finna í töflu 3.

**Tafla 3. Fjöldi og hlutfallsleg skipting skráninga eftir stéttarfélögum árin 2019 og 2020**[2]

| | Árið 2020 | | Árið 2019 | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Skráningar alls | Hlutfall af heildar-skráningu | Skráningar alls | Hlutfall af heildar-skráningu | Hlutfallsleg breyting milli ára |
| Sameyki (SFR) | 1.052 | 34% | 1.191 | 44% | -12% |
| FFR | 81 | 3% | 42 | 2% | 93% |
| FSS | 19 | 1% | 9 | 0% | 111% |
| Kjölur | 184 | 6% | 159 | 6% | 16% |
| Sameyki (St.Rv.) | 140 | 5% | 53 | 2% | 164% |
| KSG[3] | 372 | 12% | 235 | 9% | 58% |
| Samflot | 451 | 15% | 367 | 13% | 23% |
| BSRB | 41 | 1% | 86 | 3% | -52% |
| ASÍ | 94 | 3% | 44 | 2% | 114% |
| BHM | 479 | 15% | 470 | 17% | 2% |
| Aðrir | 194 | 6% | 74 | 3% | 162% |
| **Alls** | **3.107** | **100%** | **2.730** | **100%** | 14% |

Starfsmennt hefur að auki haldið utan um skráningar þátttakenda á námskeið fyrir starfsmenn og trúnaðarmenn stéttarfélaga innan vébanda BSRB og ASÍ. Árið 2020 var í heildina boðið upp á 6 námskeið innan forystufræðslu BSRB og ASÍ og skráðu 59 einstaklingar sig á þau. Þetta er nokkur fækkun frá árinu 2019 þegar í boði voru 12 námskeið og skráningar voru 150.

[1] Einstaklingsráðgjöf í formi viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa telst ekki með í tölum um haldin námskeið og viðburði en skráningar í slík viðtöl eru teknar með í tölum yfir fjölda þátttakenda.

[2] Tölurnar ná einungis yfir nám, námsleiðir og viðburði á vegum Starfsmenntar, þ.e. ekki eru teknar með skráningar í fræðslu á vegum stéttarfélaganna (forystufræðslu og fræðslu fyrir trúnaðarmenn).

[3] KSG stendur fyrir félagsmenn í starfsmannafélögum Kópavogs, Suðurnesja og Garðabæjar.

## Áhrif kórónaveirunnar

Heimsfaraldur Covid 19 setti sitt mark á starfsemi Starfsmenntar árið 2020 rétt eins og hjá öðrum. Um miðjan mars þurfti að bregðast hratt við og fella niður námskeið, afboða þátttakendur og skella í lás um stund. Þannig voru felld niður 18 námskeið í heildina í mars og apríl 2020 og 153 þátttakendur afboðaðir á meðan tölurnar eru mun lægri yfir aðra mánuði ársins utan janúar en þann mánuð var óveðri um að kenna því þá gekk á með nokkrum lægðum sem trufluðu staðbundna kennslu, sjá nánar um afboðuð námskeið í töflu 4.

**Tafla 4. Námskeið felld niður eftir mánuðum árið 2020**

| | Framboð | Fjöldi þátttakenda |
|---|---|---|
| Janúar | 3 | 42 |
| Febrúar | 1 | 1 |
| Mars | 11 | 106 |
| Apríl | 7 | 47 |
| Maí | 3 | 9 |
| Júní | – | 0 |
| Júlí | – | 0 |
| Ágúst | – | 0 |
| September | 1 | 6 |
| Október | 2 | 6 |
| Nóvember | – | – |
| Desember | – | – |
| **Alls** | **28** | **217** |

Í hverri áskorun felast leynd tækifæri og það sýndi sig svo sannarlega að bæði samstarfsaðilar, kennarar og þátttakendur hjá Starfsmennt voru tilbúnir til að laga sig að breyttum raunveruleika. Þegar líða tók á vorið hafði framboð vefnáms aukist til muna og reyndar svo mikið að sjöundi hver þátttakandi á námskeiðum Starfsmenntar sótti fræðsluna um vef árið 2020 en aðeins fjórði hver sótti námskeið í staðkennslu, sjá mynd 1.




**Mynd 1. Hlutfall þátttakenda sem sótti nám í staðnámi, vefnámi eða blönduðu námi**

# 4. Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar

Framboð starfstengds náms á vegum Starfsmenntar var fjölbreytt sem fyrr og snerti á margvíslegum málefnum. Við val á starfstengdu námsframboði var áfram stuðst við niðurstöður greininga á fræðsluþörfum opinberra starfsmanna sem og gögnum um fjórðu iðnbyltinguna, frá evrópsku starfsmenntastofnuninni Cedefob og því ástandi sem kórónaveiran skapaði.

## Nám og viðburðir eftir innihaldi

Áhrif kórónafaraldursins má m.a. merkja í mikilli ásókn í námskeið til að auka stafræna hæfni sér í lagi notkun Teams við fjarvinnu og fyrir fjarfundi. Nokkur aukning varð í fjölda farandfyrirlestra og fleiri sóttu nám í skjala- og gæðastjórnun og íslensku sem annað tungumál. Nýbreytni milli ára voru námskeið um nýsköpun og gagnrýna hugsun sem hvoru tveggja þykja mikilvægir hæfniþættir í nútímasamfélagi og sóttu 46 einstaklingar slík námskeið.

Verkefnið *Betri vinnutími í vaktavinnu* er samstarfsverkefni opinberra launagreiðenda annars vegar, þ.e. ríkis, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga og ASÍ, BHM, BSRB og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hins vegar og byggir á breytingum á kjarasamningum aðila, sem samþykktar voru árið 2020. Um er að ræða einhverjar mestu breytingar á vinnutíma í vaktavinnu í tæplega 50 ár. Samningsaðilar óskuðu eftir því við Fræðslusetrið Starfsmennt að það hefði umsjón með fræðslu til að styðja við farsæla innleiðingu breytinganna. Fræðsluátakið hófst í desember 2020 og sóttu 590 þátttakendur námskeið þann mánuðinn. Áætlað er að átakinu ljúki í júní 2021.

Frekari tölur yfir námskeið og fjölda þátttakenda eftir innihaldi náms má finna í töflu 5.

**Tafla 5. Innihald námskeiða/viðburða og fjöldi skráninga árin 2018-2020**

| | 2020 | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| Almennur bókari | 8 | 7 | 13 |
| Áfangar, endurmenntun fangavarða | – | 17 | – |
| Betri vinnutími í vaktavinnu | 590 | – | – |
| Bókhald og fjármál | 25 | 34 | 21 |
| Endurmenntun atvinnubílstjóra | – | 10 | 218 |
| Fagnám í umönnun fatlaðra | – | 20 | – |
| Fangavarðaskóli | – | 20 | – |
| Farandfyrirlestur | 643 | 506 | 928 |
| Félagsliði | 28 | 42 | 56 |
| Félags- og tómstundabrú | – | 1 | – |
| Jafnlaunastaðall | 13 | 83 | 531 |
| Kennslufræði fullorðinna | – | 15 | 79 |
| Launaskólinn | 84 | 119 | 11 |
| Læknaritari (nú heilbrigðisgagnafr.) | 6 | – | 4 |
| Nýsköpun og gagnrýnin hugsun | 46 | – | – |
| Opinber stjórnsýsla[1] | 3 | 159 | – |
| Opinber stjórnsýsla – fagháskólanám[2] | – | 24 | 28 |
| Op. stjórns. – faghásk.(kynning og undirbúningsnámskeið) | – | | 44 |
| Raunfærnimat - kynning | – | 8 | 26 |
| Sjálfsstyrking | 393 | 704 | 235 |
| Skjala- og gæðastjórnun | 50 | 8 | 118 |
| Sótthreinsitæknir | – | | 18 |
| Starfsþróunarráðgjöf til einstaklinga | 41 | 39 | 166 |
| Stjórnun og heilbrigt vinnuumhverfi | 46 | 120 | 129 |
| Stuðningsfulltrúi | 5 | 2 | 1 |
| Tungumál fyrir atvinnulífið | 64 | 40 | 25 |
| Tölvur og upplýsingatækni | 644 | 264 | 447 |
| Umhverfismál | 28 | – | – |
| Verkefnastjórnun | 54 | 44 | 86 |
| Viðurkenndur bókari | 8 | 29 | 11 |
| Vísdómur | – | 21 | 14 |
| Þjónustustjórnun | 254 | 353 | 316 |
| Þróttur | 60 | 72 | 145 |
| Önnur fræðsla eða viðburðir | 14 | | |

[1] Undir *opinbera stjórnsýslu* falla námskeið um lögfræði, stjórnsýslurétt og meðferð upplýsinga.

[2] *Fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu* var tilraunaverkefni í samstarfi Starfsmenntar og Háskólans á Bifröst. Í lok júní 2020 útskrifuðust 23 þátttakendur úr náminu hjá Bifröst og þar með lauk einnig tilraunaverkefninu af hálfu Starfsmenntar. Háskólinn á Bifröst býður áfram upp á diplómanám sem og heildstæða námsleið til BA prófs, sjá nánar Diplómanám í opinberri stjórnsýslu - Háskólinn á Bifröst (bifrost.is).

## Samstarf við stofnanir um nám og fræðslu

Starfsmennt vinnur með stofnunum ríkis og sveitarfélaga við þróun og uppsetningu náms og fræðslu fyrir starfsmenn þeirra og getur verið um að ræða eftirfylgni ráðgjafaverkefna þar sem Starfsmennt hefur komið að greiningu fræðsluþarfa í samvinnu við stofnun. Slík námskeið eru félagsmönnum aðildarfélaga og samstarfsaðila fræðslusetursins að kostnaðarlausu en greitt er fyrir þá starfsmenn sem ekki falla þar undir.

Árið 2020 voru skipulögð námskeið fyrir nokkrar ríkisstofnanir og einnig fengu sveitarfélög og stofnanir þeirra aðstoð Starfsmenntar við að setja upp námskeið fyrir starfsmenn sem starfa við umönnun fatlaðra og þjónustu í íþróttahúsum og sundlaugum. Innihald náms og fræðslu fyrir stofnanir var helst á sviði upplýsingatækni, þjónustustjórnunar, sjálfsstyrkingar og tímastjórnunar.

Í heildina voru skipulögð 64 námskeið fyrir stofnanir og sveitarfélög árið 2020, 14 þeirra þurfti að fella niður ýmist sökum kórónaveirunnar eða vegna ónógrar þátttöku. Heildarfjöldi þátttakenda í stofnananám nam 942 sem er nokkru færra en árið á undan þegar þátttökufjöldinn nam ríflega 1.500, sjá nánar í töflu 6.

**Tafla 6. Samstarf við stofnanir um nám, fjöldi námskeiða og þátttakenda árið 2020**

| Stofnun | Námskeið haldin | Námskeið felld niður | Fjöldi þátttakenda |
|---|---:|---:|---:|
| Dómstólasýslan | 10 | 3 | 55 |
| Fríhafnarskólinn | – | 2 | 20 |
| Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | 4 | – | 37 |
| Isavia | 1 | – | 20 |
| Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu | 2 | 2 | 55 |
| Vinnueftirlitið | 1 | – | 8 |
| Borgarbyggð | 5 | – | 60 |
| Reykjanesbær | 12 | 3 | 280 |
| Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæði | 15 | 4 | 407 |
| **Alls** | **50** | **14** | **942** |

# 5. Ráðgjöf á sviði fræðslu og mannauðseflingar

Starfsmennt býður stofnunum *Ráðgjafa að láni* til að aðstoða við verkefni sem tengjast fræðslu og mannauðseflingu og hafa það markmið að vekja athygli á mikilvægi símenntunar og styðja við stefnumiðaða starfsþróun innan stofnana. Árið 2020 var unnið að tveimur verkefnum á þessu sviði. Greindar voru fræðsluþarfir starfsmanna hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi og sett fram starfsþróunaráætlun í kjölfarið fyrir embættið. Hæfnikröfur fyrir starf dómritara voru greindar í samstarfi við Dómstólasýslunna og í kjölfarið unnin fræðsluáætlun fyrir hópinn. Þá aðstoðaði Starfsmennt einnig Dómstólasýsluna við samræmingu starfslýsinga fyrir starf dómritara.

Einstaklingar geta einnig sótt ráðgjöf til Starfsmenntar sem hefur það markmið að hvetja starfsmenn til ábyrgðar á eigin starfsþróun og að benda á leiðir til náms bæði innan formlega skólakerfisins og þess óformlega t.d. á vettvangi Starfsmenntar og framhaldsfræðslunnar. Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólki að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga hægara með að ákveða stefnu í námi og starfi. Þjónustan er að hluta til fjármögnuð úr Fræðslusjóði sem byggir á ákvæðum laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Árið 2020 var heildarfjöldi viðtala hjá ráðgjafa Starfsmenntar 41 og er það nokkuð svipað og var í fyrra þegar ráðgjafaviðtölin voru 39.

Félagsmenn aðildarfélaga BSRB eru í miklum meirihluta þeirra sem sækja starfsþróunarráðgjöf hjá Starfsmennt og þar af eru flestir úr röðum Sameykis. Fleiri konur sækja þjónustuna og flest eru 35 ára eða eldri. Þrjú viðtöl snerust um aðstoð við gerð ferilskrár vegna starfsleitar, í tíu viðtölum var aðallega rætt um nám og námsleiðir, í 12 viðtölum fengu einstaklingar aðstoð náms- og starfsráðgjafa við að greina áhugasvið sín en í flestum viðtölum snerust umræður um persónuleg málefni, líðan og leiðir til sjálfsstyrkingar. Sjá nánari skiptingu í töflu 7.

**Tafla 7. Fjöldi ráðgjafaviðtala árið 2020 eftir kyni, aldri, stéttarfélagi og niðurstöðu viðtals**

| | Fjöldi viðtala | Hlutfall |
|---|---|---|
| **Kyn** | | |
| Kona | 30 | 73% |
| Karl | 11 | 27% |
| **Aldur** | | |
| Yngri en 35 ára | 6 | 15% |
| 35-50 ára | 15 | 37% |
| 51-65 ára | 20 | 49% |
| **Stéttarfélag** | | |
| Sameyki | 38 | 93% |
| BSRB - aðrir | 2 | 5% |
| Utan BSRB | 1 | 2% |
| **Niðustaða viðtals** | | |
| Aðstoð við gerð ferilskrár vegna starfsleitar | 3 | 7% |
| Áhugasviðsgreining | 12 | 29% |
| Sjálfsstyrking | 16 | 39% |
| Upplýsingar um nám og námskeið | 10 | 24% |
| **Form viðtals**[1] | | |
| Staðbundin viðtöl | 35 | 85% |
| Rafræn viðtöl | 6 | 15% |

[1] Þessar tölur eru birtar með fyrirvara því skráningar á formi viðtals hófust fyrst í júní 2020.

***Notkun rafrænna miðla í mannauðsráðgjöf***

Líkt og í námi og fræðslu voru rafrænir miðlar teknir markvissar í notkun í mannauðsráðgjöfinni. Þannig nýttist fjarfundabúnaðurinn til að halda rýnihópafundi með stofnunum í greiningarvinnunni og einstaklingar gátu rætt við náms- og starfsráðgjafa í gegnum Zoom og Teams. Skráning á því hvort viðtöl voru staðbundin eða rafræn hófst þó ekki fyrr en í júní 2020 og eru 6 viðtöl skráð rafræn hjá Starfsmennt það ár.

Heilt yfir voru 70% viðtala náms- og starfsráðgjafa innan framhaldsfræðslunnar hér á landi skráð sem rafræn árið 2020 þó svo skráningar hafi ekki hafist fyrr en um mitt árið eins og fyrr segir. Náms- og starfsráðgjafar framhaldsfræðslunnar telja helsta ókost rafrænna viðtala vera að ráðgjafi á erfiðara með að lesa í óyrtu samskiptin og heyra það ósagða[1].

[1] Heimild: Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir, 2021. Fundur um náms- og starfsráðgjöf í framhaldsfræðslunni 25.febrúar 2021.

# 6. Þróunarverkefni, samstarf og kynningar

Starfsmennt tekur þátt í ýmis konar þróunarverkefnum á sviði menntamála og kynnir þjónustu sína hvenær sem færi gefst.

## Samstarf um nám og mannauðseflingu

### *Stafræna hæfnihjólið – þróun náms*

Starfsmennt lauk við þróun námskeiðs sem styður við almenna stafræna hæfni eins og hún er skilgreind af Evrópusambandinu. Námskeiðið *Stafræna hæfnihjólið* leit dagsins ljós í september og var opið öllum endurgjaldslaust. Verkefnið var fjármagnað að hluta með styrk úr Þróunarsjóði framhalds-fræðslunnar.




Námsefnið er samsett úr 16 námsþáttum sem settir eru fram í formi sjálfstæðra myndbanda. Myndböndin eru vistuð á Youtube og í október var aðgangur að myndböndunum opnaður, þannig að áhugasamir gátu skoðað þau á Youtube miðlinum án þess að skrá sig á námskeiðið á vef Starfsmenntar. Í október var efninu fylgt eftir á Facebook og í fréttabréfum með sérstöku átaki sem hlaut nafnið *Stafrænn meistaramánuður*. Námsþættirnir hafa hlotið misjafna athygli eins og sjá má í töflu 8 þar sem tölur yfir áhorf á hvert og eitt myndband (námsþátt) eru birtar.

**Tafla 8. Áhorf á myndbönd við námsþætti Stafræna hæfnihjólsins sept.-des.2020**

| Námsþáttur | Áhorf |
|---|---:|
| Heilsa | 141 |
| Umsjón persónuupplýsinga | 52 |
| Lagaleg atriði | 80 |
| Gagnavernd | 57 |
| Framkvæmd og gagnavinnsla | 96 |
| Stillingar | 65 |
| Upplýsingaöflun um tækninýjungar | 74 |
| Sjálfvirknivæðing | 92 |
| Sjálfsafgreiðsla | 78 |
| Upplýsingaleit | 68 |
| Gagnageymsla | 102 |
| Gagnrýnið mat | 99 |
| Samvinna | 70 |
| Val á samskiptamáta | 40 |
| Félagsleg vitund | 47 |
| Virk þátttaka | 68 |
| **Alls** | **1.229** |

### *Þróttur – endurskoðun náms og þróun raunfærnimats*

Samvinna við SÍMEY á Akureyri hélt áfram um þróun náms byggðu á prófílum starfs í íþróttahúsi og starfs sundlaugavarðar og var námskránni skilað inn til Menntamálastofnunar (MMS) til vottunar vorið 2020. SÍMEY setti af stað nýtt verkefni um raunfærnimat á móti kröfum náms fyrir starfsfólk sundlauga

og íþróttahúsa. Óskað var eftir aðkomu Starfsmenntar í stýrihóp þess verkefnis og var það auðsótt. Stefnt er að því að tilraunakeyra raunfærnimatið árið 2021 og eru bundnar vonir við að vottun MMS á náminu liggi fyrir eigi síðar en við lok tilraunakeyrslunnar þannig að hægt verði að kynna bæði vottaða námskrá og raunfærnimat fyrir fræðsluaðilum framhaldsfræðslunnar.

### *Tilraunaverkefni um raunfærnimat á móti viðmiðun atvinnulífs*

Tilraunaverkefni um raunfærnimat á móti viðmiðum starfs sérhæfðs fulltrúa var á lokasprettinum þegar kórónaveiran skall á af fullum þunga í mars 2020. Þá var mati á móti viðmiðum lokið og búið að setja upp áætlun um þjálfun starfsmanna á grundvelli niðurstaðna úr matinu. Sú þjálfun tafðist hins vegar vegna heimsfaraldursins og í árslok 2020 hafði enn ekki skapast tækifæri að ná út til beggja þátttökustofnana með þjálfunina. Vonir eru bundnar við að það náist vorið 2021.

### *Betri vinnutími í vaktavinnu – námskeið til að styðja við innleiðingu breytinga á vinnutíma*

Verkefnið *Betri vinnutími í vaktavinnu* er samstarfsverkefni opinberra launagreiðenda annars vegar, þ.e. ríkis, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga og ASÍ, BHM, BSRB og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hins vegar og byggir á breytingum á kjarasamningum aðila, sem samþykktar voru árið 2020. Um er að ræða einhverjar mestu breytingar á vinnutíma í vaktavinnu í tæplega 50 ár. Haustið 2020 óskuðu samningsaðilar eftir því við Fræðslusetrið Starfsmennt að það hefði umsjón með umsýslu fræðslu til að styðja við farsæla innleiðingu breytinganna og mun fræðsluátakið standa yfir frá desember 2020 til júní 2021. Þá vann Starfsmennt þrjú fræðslumyndbönd sem notuð eru til að kynna yfirvofandi breytingar og leiðir til farsællar innleiðingar þeirra.

### *Stuðningur við kennara í fullorðinsfræðslu*

Á vef Starfsmenntar undir efnisliðnum *Kennsluráðgjöf* er að finna ýmis konar efni til að styðja við kennslu fullorðinna og þróun í kennslufræði. Í árslok 2020 var lögð lokahönd á stutt vefnámskeið um stafræna kennslu og þar sem fjallað er um aðferðafræði, viðhorf, tæki og búnað og annað sem tengist gerð stafræns námsefnis auk nokkurra hagnýtra ráða. Námskeiðið er hugsað fyrir kennara og sérfræðinga sem sinna símenntun og fullorðinsfræðslu og eru að takast á við það verkefni að færa fræðsluna úr staðnámi yfir í stafrænt nám. Áherslan er á hagnýtt námskeið fremur en fræðilegt til að mæta bæði þörfum þeirra sem hafa grunn í kennslufræði sem og þeirra sem hafa engan slíkan grunn. Opnað var fyrir skráningar á námskeiðið í janúar 2021.

### *Umfjöllun um mannauðstengd málefni á vef*

Vefur Starfmenntar geymir ýmsan fróðleik og þar á meðal er umfjöllun um ýmis mannauðstengd málefni svo sem hvatningu, móttöku nýrra starfsmanna, framkvæmd starfsþróunarsamtals, fjarvinnu- og fjarfundi og hvernig er að vera stjórnandi hjá hinu opinbera. Nóvemberátak Starfsmenntar *Nærum mannauðinn í nóvember* var nýtt til að vekja athygli á þessari umfjöllun, sjá nánar á https://www.smennt.is/forsida/stofnanathjonusta/mannaudstengd-malefni/.

### *Samstarf um þróun fullorðinsfæðslu og mannauðsstjórnun*

Starfsmennt er aðili að Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi og situr framkvæmdastjóri í stjórn samtakanna. Aðalfundur Leiknar var haldinn í húsnæði Starfsmenntar þann 9. júní 2020. Fundinum var einnig streymt á vef.

Framkvæmdastjóri á einnig sæti í sérfræðingahópi EPALE hér á landi, sem er samstarfsnet fullorðinsfræðsluaðila í Evrópu og Rannís sér um fyrir Íslands hönd. Þá á Starfsmennt fulltrúa í stjórnum tveggja faghópa hjá Stjórnvísi, faghópi um stafræna fræðslu annars vegar og faghópi um mannauðsstjórnun hins vegar.

## Erlent samstarf

Erlenda samstarfsverkefnið *Transforming VET 4.0* hélt áfram og var einn fundur haldinn í mars 2020 í Wuppertal í Þýskalandi. Verkefnið lýtur að þeim áskorunum sem starfsmenntun og kennarar innan starfsmenntunar standa frammi fyrir í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna. Það er styrkt úr Erasmusplus, menntaáætlun ESB, og koma samstarfsaðilar frá Þýskalandi, Hollandi og Finnlandi.




**Mynd 2. Umræðan í Wuppertal snerist m.a. um stafræna kennslu og þróun í námi**

Nýtt verkefni hóf göngu sína síðla árs 2020, sem einnig er styrkt úr Erasmusplus sjóði ESB. Verkefnið hlaut nafnið *Com(m)-online: Creating, guiding and coaching professional learning communities in an online learning environment* og hefur það markmið að styðja við stafræna færni og kennslufræðilega þekkingu þeirra sem vinna við fullorðinsfræðslu. Fjarkennsla, vefkennsla og vendikennsla kalla á breytta aðferðafræði sem er nauðsynlegt að þekkja. Líkt og kórónaveiran hefur kennt okkur er nauðsynlegt fyrir kennara og leiðbeinendur í fullorðinsfræðsu að vera vel tæknifærir og skilja hvaða kennslufræði og aðferðafræði miðlunar henta efni og aðstæðum hverju sinni.

Verkefnið er styrkt af Erasmusplus, menntaáætlun Evrópusambandsins, og samstarfsaðilar koma frá Belgíu, Makedóníu, Spáni, Skotlandi og Íslandi, en auk Starfsmenntar tekur Fræðslumiðstöð atvinnulífs þátt í samstarfinu. Einn fundur var haldinn í desember 2020 og fór hann alfarið fram á Teams.



**Mynd 3. Samstarfsaðilar skála fyrir vel heppnuðum upphafsfundi í verkefninu *Com(m)on-line***

Styrkur Starfsmenntar úr KA1 hluta Erasmusplus-sjóðs menntaáætlunar ESB til að sinna sí- og endurmenntun starfsmanna og stjórnar fræðslusetursins var ekkert nýttur á árinu sökum kórónaveirufaraldursins og því var sótt um ársframlengingu á verkefninu þannig að verklok færast frá maí 2021 til maí 2022.

## Kynningar

Sú breyting var gerð frá fyrri árum að hætt var að gefa út heildstæðan námsvísi Starfsmenntar á haustmánuðum. Ástæðan var m.a. sú að engar merkjanlegar breytingar mældust á skráningum á námskeið þegar námsvísirinn var sendur út. Hins vegar mælist iðulega aukning á skráningum þegar veffréttabréf eru send á póstlista Starfsmenntar þar sem vakin er athygli á færri námskeiðum í einu. Árið 2020 voru send út 98 veffréttabréf á póstlista Starfsmenntar.

Starfsmennt nýtir samfélagsmiðlana Facebook og Instagram til að vekja athygli á námskeiðum og málefnum sem tengjast fræðslu og mannauðseflingu. Í fyrstu bylgju kórónaveirunnar vorið 2020 voru innslög á samfélagsmiðla næstum annan hvern dag. Í heildina voru innslög á Facebook síðu Starfsmenntar 192 árið 2020 og náðu þau til 41.606 lesenda.

Heimasíða Starfsmenntar var tekin til gagngerrar endurskoðunar árið 2020 í samvinnu við Advania og var ný síða sett í loftið í september. Leitast var við að vekja athygli á nýrri síðu og því efni sem þar má finna með áherslum í október, nóvember og desember. Í október var vakin sérstök athygli á stafrænni hæfni og hvað hún felur í sér og m.a. tengt í námsþætti *Stafræna hæfnihjólsins*. Nóvembermánuður var tileinkaður mannauðnum og fólki bent á umræðuefni um mannauðstengd málefni á vef Starfsmenntar. Umræðan í desember var blandaðri og var þá fjallað um efni eins og kulnun, markmiðasetningu og kennslufræði fullorðinna.

Greinar birtust í tveimur tölublöðum Sameykis árið 2020 og framkvæmdastjóri hélt erindi á málþingi Sameykis um framtíðarvinnumarkaðinn, sem haldið var í tengslum við Stofnun ársins í október 2020. Verkefnastjóri starfræns náms kynnti námskeiðið *Stafræna hæfnihjólið* fyrir náms- og starfsráðgjöfum og öðrum áhugasömum innan fræðslu- og símenntunarmiðstöðva framhaldsfræðslunnar í byrjun desember 2020.

# 7. Fjármögnun og rekstur

Heildartekjur árið 2020 námu rétt tæpum 128 m.kr. og drógust þær saman um ríflega 52 m.kr. milli ára. Helsta skýringin er annars vegar samdráttur í tekjum vegna seldra námskeiða og sérverkefna og hins vegar að framlög úr þróunar- og símenntunarsjóðum voru mun lægri árið 2020 en árið á undan. Framlag skv. skilagreinum hækkaði um 4 m.kr. milli ára og nam 94,6 m.kr. árið 2020 á móti 90,6 m.kr. árið 2019. Framlag Fræðslusjóðs vegna verkefna á sviði framhaldsfræðslu lækkaði milli ára og nam ríflega 3 m.kr. árið 2020. Sértekjur vegna náms- og ráðgjafaverkefna auk verkefnastyrkja námu tæplega 22 m.kr. sem er nokkru lægra en árið á undan þegar þær voru tæplega 36 m.kr. Hrein eign í árslok 2020 nam tæplega 48 m.kr. Hlutfallslega skiptingu rekstartekna ársins 2020 má sjá í töflu 9.

**Tafla 9. Hlutfallsleg skipting rekstrartekna**

| | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Samkvæmt skilagreinum frá stofnunum | 74% | 50,3% | 55,1% | 73,9% | 59,9% | 44,1% |
| Þróunar- og símenntunarsjóður Sameykis | 6,6% | 26,7% | 27,4% | 0,0% | 16,5% | 33,7% |
| Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannfélaga hjá ríkinu | – | 1,1% | 1,2% | 0,0% | 0,8% | 1,5% |
| Námskeiðstekjur og verkefnastyrkir | 17,0% | 19,9% | 14,5% | 20,4% | 22,8% | 12% |
| Fræðslusjóður /Fræðslumiðstöð atvinnulífsins | 2,4% | 2,0% | 1,8% | 5,7% | 0,0% | 8,7% |
| **Alls** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

Heildarútgjöld Starfsmenntar voru um 20 m.kr. lægri árið 2020 en árið á undan. Kostnaður vegna náms og þjónustu var næstum 11 m.kr. lægri árið 2020 en árið á undan og annar rekstrarkostnaður lækkaði einnig milli ára. Hlutfallsleg skipting útgjalda árið 2020 er nokkuð svipuð því sem verið hefur frá árinu 2017 þar sem launakostnaður er um helmingur útgjalda og kostnaður vegna náms og þjónustu um þriðjungur útgjalda, sjá nánar í töflu 10.

**Tafla 10. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda**

| | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Launakostnaður | 51,8% | 49,9% | 47,9% | 49% | 36% | 38% |
| Annar rekstrarkostnaður | 16,5% | 15,7% | 17,4% | 18% | 20% | 17% |
| Nám og þjónusta | 31,6% | 34,4% | 34,7% | 33% | 44% | 45% |
| **Alls** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

Þjónusta Starfsmenntar snýr annars vegar að því að greiða leið opinberra starfsmanna og starfsmannahópa að ýmis konar fræðslu. Bæði er um að ræða almenn námskeið, sem miða að því að efla alhliða starfshæfni, sem og lengri sérhæfðari námsleiðir, sem byggja á námslýsingum og

viðurkenndum námskrám. Þá aðstoðar setrið einnig félagsmenn aðildarfélaga við að sækja starfsnám innan framhaldsskólanna sem tengist starfsvettvangi þeirra.

Hins vegar snýr þjónusta Starfsmenntar að ráðgjöf til stofnana og stjórnenda um ýmis mannauðstengd málefni svo sem ábendingar og tillögur að áherslum í fræðslu innan stofnana og stuðningur við framkvæmd fræðslu þar sem Starfsmennt býr að víðtæku samstarfsneti sérfræðinga og fræðsluaðila. Fræðsla hjá opinberum stofnunum getur bæði verið almenn og miðað að því að efla starfsanda, styrkja mannauðsstjórnun og auka vitund um mikilvægi símenntunar og starfsþróunar sem og sérhæfð, þar sem sérfræðingar í tilteknum málefnum eru fengnir til að halda námskeið til að auka þekkingu og efla hæfni starfsmanna.

Verkefnin eru unnin í samstarfi við ýmsa fræðslu- og mannauðssjóði eins og Þróunar- og símenntunarsjóð Sameykis, Mannauðssjóð KJALAR, Mannauðssjóð Samflotsins og Mannauðssjóð KSG[1]. Einnig semur setrið við Starfsþróunarsetur háskólamanna og fræðslusjóði SGS félaga (Ríkismennt og Sveitamennt), með það fyrir augum að greiða aðgengi starfsfólks í nám og auðvelda stofnunum að samnýta nám og ráðgjöf.

Hlutfallsleg skipting útgjalda vegna þjónustu Starfsmenntar er sem áður þannig að útgjöld vegna starfstengdra námsleiða stofnana og starfsgreina vega þyngst en útgjöld vegna mannauðsráðgjafar og þróunarverkefna eru hlutfallslega minnst. Árið 2020 nam hlutur starfstengdra námsleiða 52% af heildarútgjöldum til náms og þjónustu sem er lægra en árið á undan þegar hann var 72%. Hlutur tölvu- og upplýsingatækninnáms hækkaði hins vegar um 10 prósentustig milli ára, fór úr 8% árið 2019 í 18% árið 2020 og má segja að kórónaveirufaraldurinn eigi sinn þátt í þeirri breytingu. Þá hækkaði einnig hlutur almennra námskeiða eða úr 17% árið 2019 í 23% árið 2020.




[1] Mannauðssjóður KSG er sameiginlegur sjóður bæjarstarfsmannafélaga Kópavogs, Suðurnesja og Garðabæjar.

# Viðauki – Námsframboð og skráningar árið 2020

| Heiti námskeiðs/námsleiðar | Dag-setning | Skráning | Lengd (klst) |
|---|---|---|---|
| ***Almennur bókari*** | | | |
| Almennir bókarar - Opni háskólinn í Reykjavík - Fjarnám | 20.feb | 8 | 48 |
| ***Betri vinnutími í vaktavinnu*** | | | |
| BVV - Mönnunarlíkan - Vefnám | 2.des | 82 | 1,5 |
| BVV - Mönnunarlíkan - Vefnám | 3.des | 49 | 1,5 |
| BVV - Mönnunarlíkan - Vefnám | 4.des | 55 | 1,5 |
| BVV - Mönnunarlíkan - Vefnám | 7.des | 52 | 1,5 |
| BVV - Stytting vinnuvikunnar - vinnustofa - Vefnám | 7.des | 31 | 3 |
| BVV - Mönnunarlíkan - Vefnám | 8.des | 50 | 1,5 |
| BVV - Einkenni hágæða teyma - Vinnstofa - Vefnám | 9.des | 20 | 3 |
| BVV - Mönnunarlíkan - Vefnám | 10.des | 29 | 1,5 |
| BVV - 360° sóun - Vefnám | 11.des | 21 | 3 |
| BVV - Mönnunarlíkan - Vefnám | 14.des | 25 | 1,5 |
| BVV - Ferlagreining og umbætur - Vefnám | 15.des | 20 | 3 |
| BVV - Mönnunarlíkan - Vefnám | 15.des | 34 | 1,5 |
| BVV - Stytting vinnuvikunnar - vinnustofa - Vefnám | 16.des | 24 | 3 |
| BVV - Að takast á við breytingar/Að innleiða breytingar - Vefnám | 17.des | 30 | 3 |
| BVV - Ferlagreining og umbætur - Vefnám | 18.des | 20 | 3 |
| BVV - Að takast á við breytingar/Að innleiða breytingar - Vefnám | 21.des | 21 | 3 |
| BVV - Mönnunarlíkan - Vefnám | 21.des | 27 | 1,5 |
| ***Bókhald og fjármál*** | | | |
| Bókhald - grunnur - Promennt, staðnám | 22.jan | 1 | 115 |
| Grunnnám í bókhaldi - EHÍ | 12.feb | 2 | 48 |
| Grunnnám í reikningshaldi - staðnám eða fjarnám | 11.mar | 5 | 52 |
| Grunnnám í bókhaldi og Excel - NTV | 17.sep | 10 | 100 |
| Grunnnám í bókhaldi - EHÍ | 21.sep | 4 | 48 |
| Bókhald grunnur - Promennt | 30.sep | 3 | 115 |
| ***Farandfyrirlestur*** | | | |
| Reykjanesbær - Breytingastjórnun og vinnustaðarmenning | 22.jan | 22 | 4 |
| SSH - Velferðartækni | 23.jan | 20 | 3 |
| Reykjanesbær - Þjónandi leiðsögn - hópur 1 | 29.jan | 30 | 3 |
| SSH - Innkoma nýliða | 3.feb | 21 | 5,5 |
| Reykjanesbær - Þjónandi leiðsögn - hópur 2 | 5.feb | 22 | 3 |
| Reykjanesbær - Þjónandi leiðsögn - hópur 3 | 5.feb | 12 | 3 |
| Reykjanesbær - Mentor I - þjónandi leiðsögn | 19.feb | 20 | 15 |
| SSH - Varnarviðbrögð | 20.feb | 25 | 3 |
| SSH - Nauðung í starfi með fötluðu fólki | 5.mar | 21 | 3 |
| Reykjanesbær - Mótlæti og seigla - hópur 1 | 11.mar | 15 | 3 |
| SSH - Einhverfa fullorðinna | 12.mar | 36 | 3 |
| Reykjanesbær - Mótlæti og seigla - hópur 2 | 18.mar | 7 | 3 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Reykjanesbær - Mótlæti og seigla - hópur 3 | 25.mar | 13 | 3 |
| | SSH - Þjónandi leiðsögn | 26.mar | 24 | 3 |
| | SSH - Kynvitund og fatlað fólk | 8.apr | 11 | 3 |
| | SSH - Sterk liðsheild og jákvæður starfsandi | 20.apr | 4 | 3 |
| | Reykjanesbær - Mótlæti og seigla - hópur 1 | 3.jún | 15 | 3 |
| | Reykjanesbær - Mótlæti og seigla - hópur 2 | 3.jún | 23 | 3 |
| | SSH - Innkoma nýliða | 10.jún | 49 | 5,5 |
| | SSH - Skyndihjálp I - hópur 1 | 11.jún | 23 | 3 |
| | SSH - Skyndihjálp I - hópur 2 | 15.jún | 26 | 3 |
| | Reykjanesbær - Mentor II - þjónandi leiðsögn | 16.sep | 16 | 15 |
| | SSH - Einhverfa fullorðinna | 17.sep | 20 | 3 |
| | SSH - Þjónandi leiðsögn | 23.sep | 25 | 3 |
| | SSH - Sterk liðsheild - Vefnám | 14.okt | 10 | 3 |
| | SSH - Kynvitund og fatlað fólk - Vefnám | 22.okt | 29 | 3 |
| | Reykjanesbær - Árangursrík samskipti - Hópur 1 - Vefnám | 4.nóv | 19 | 3 |
| | Reykjanesbær - Árangursrík samskipti - Hópur 2 - Vefnám | 4.nóv | 22 | 3 |
| | SSH - Skyndihjálp I - Vefnám | 4.nóv | 18 | 3 |
| | SSH - Skyndihjálp II | 12.nóv | 15 | 3 |
| | SSH - Skyndihjálp III - Vefnám | 18.nóv | 12 | 3 |
| | SSH - Skyndihjálp - upprifjun - Vefnám | 26.nóv | 18 | 3 |
| ***Félagsliðanám*** | | | | |
| | Borgarholtsskóli - Félagsliðabraut | Vor 2020 | 15 | 200-240 |
| | Borgarholtsskóli - Félagsliðabraut | Haust 2020 | 10 | 200-240 |
| | Fræðslunet Suðurlands - Félagsliðabraut | Haust 2020 | 3 | 200-240 |
| ***Jafnlaunastaðall*** | | | | |
| | Jafnlaunastaðall: I. Kynning á jafnlaunastaðli og inngangur | 20.jan | 3 | 3 |
| | Jafnlaunastaðall: II. Gæðastjórnun og skjölun | 27.jan | 2 | 3 |
| | Jafnlaunastaðall: III. Gerð verklagsreglna og annarra skjala í gæðakerfum | 3.feb | 2 | 3 |
| | Jafnlaunastaðall: IV. Starfaflokkun | 10.feb | 2 | 3 |
| | Jafnlaunastaðall: V. Launagreining | 17.feb | 1 | 3 |
| | Jafnlaunastaðall: I. Kynning á jafnlaunastaðli og inngangur | 9.mar | 1 | 3 |
| | Jafnlaunastaðall: IV. Starfaflokkun | 30.mar | 1 | 3 |
| | Jafnlaunastaðall: V. Launagreining | 6.apr | 1 | 3 |
| ***Launaskólinn*** | | | | |
| | Launaskólinn - Þema III - Fjarvera frá vinnu - launaðar og ólaunaðar fjarvistir | 14.jan | 22 | 10 |
| | Launaskólinn - Þema III - Fjarvera frá vinnu - launaðar og ólaunaðar fjarvistir - Vefnám | 12.nóv | 62 | 7 |
| ***Læknaritari – nám til heilbrigðisgagnafræði við Fjölbraut við Ármúla*** | | | | |
| | Læknaritari | Vor 2020 | 3 | Á ekki við |
| | Læknaritari | Haust 2020 | 1 | |
| | Læknaritari | Haust 2020 | 2 | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ***Nýsköpun og gagnrýnin hugsun*** | | | | |
| | Út fyrir boxið - Nýsköpun og lausnamiðuð hugsun | 3.jún | 9 | 3 |
| | Út fyrir boxið - Sköpunargleði og lausnamiðuð hugsun - Vefnám | 7.okt | 13 | 3 |
| | Gagnrýnin hugsun og siðferðisleg álitamál - Vefnám | 18.nóv | 15 | 3 |
| | Út fyrir boxið - Sköpunargleði og lausnamiðuð hugsun - Vefnám | 24.nóv | 9 | 3 |
| ***Opinber stjórnsýsla*** | | | | |
| | Ný persónuverndarlöggjöf GDPR - auknar kröfur til aðila sem vinna með persónuupplýsingar | 26.mar | 3 | 8 |
| ***Sjálfsstyrking*** | | | | |
| | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu - Tímastjórnun - Hópur I | 21.jan | 23 | 2 |
| | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu - Tímastjórnun - Hópur II | 23.jan | 27 | 2 |
| | Árangursrík samskipti | 4.feb | 7 | 4 |
| | Gerðu ráð fyrir breytingum - Hvernig getum við tekist á við þær? | 5.feb | 16 | 3 |
| | Jákvæð sálfræði og styrkleikaþjálfun (Coaching) - Nýttu styrkleika þína á nýjan hátt | 6.feb | 9 | 10 |
| | Sáttamiðlun | 27.feb | 5 | 4 |
| | Þrautseigja í lífi og starfi - Að brotna ekki heldur rísa upp öflugri en fyrr | 5.mar | 20 | 3 |
| | Blönduós - Að setja mörk | 10.mar | 1 | 4 |
| | Sauðárkrókur - Að setja mörk | 10.mar | 4 | 4 |
| | Öflugt sjálfstraust | 3.apr | 20 | 8 |
| | Akureyri - Betri skilningur og bætt samskipti | 15.apr | 3 | 3 |
| | Betri skilningur og bætt samskipti - Vefnámskeið | 28.apr | 11 | 2,5 |
| | Hvert flaug tíminn? - Betri tímastjórnun og skipulag á vinnustaðnum | 29.apr | 1 | 3 |
| | Þrautseigja í lífi og starfi - Að brotna ekki heldur rísa upp öflugri en fyrr | 6.maí | 1 | 3 |
| | Öflugt sjálfstraust | 15.maí | 11 | 8 |
| | Þrautseigja í lífi og starfi - Að brotna ekki heldur rísa upp öflugri en fyrr | 20.maí | 21 | 3 |
| | Gerðu ráð fyrir breytingum - Hvernig getum við tekist á við þær? | 26.maí | 10 | 3 |
| | Öflugt sjálfstraust | 5.jún | 3 | 8 |
| | Vinnueftirlitið - Að takast á við breytingar | 14.ágú | 8 | 2 |
| | Dómstólasýslan - Að takast á við breytingar | 10.sep | 13 | 2 |
| | Isavia - Tímamót og tækifæri | 11.sep | 20 | 7 |
| | Gerðu ráð fyrir breytingum - Vefnám | 17.sep | 10 | 3 |
| | Styttri vinnuvika-betri tímastjórnun - Vefnám | 21.sep | 15 | 2 |
| | Þrautseigja í lífi og starfi - Vefnám | 24.sep | 7 | 3 |
| | Dómstólasýslan - Öryggismál og varnarviðbrögð | 30.sep | 6 | 4 |
| | Dómstólasýslan - Sjálfsstyrking og starfsánægja - Vefnám | 6.okt | 11 | 3 |
| | Heilsugæslan - Styttri vinnuvika, betri tímastjórnun - Vefnám | 20.okt | 11 | 2 |
| | Heilsugæslan - Styttri vinnuvika, betri tímastjórnun - Vefnám | 22.okt | 9 | 2 |
| | Þrautseigja í lífi og starfi - Vefnám | 22.okt | 9 | 3 |
| | Heilsugæslan - Styttri vinnuvika, betri tímastjórnun - Vefnám | 27.okt | 8 | 2 |
| | Heilsugæslan - Styttri vinnuvika, betri tímastjórnun - Vefnám | 29.okt | 9 | 2 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Styttri vinnuvika - betri tímastjórnun - Vefnám | 4.nóv | 9 | 2 |
| | Dómstólasýslan - Tímastjórnun og forgangsröðun - Vefnám | 10.nóv | 21 | 2 |
| | Gerðu ráð fyrir breytingum - Vefnám | 13.nóv | 9 | 3 |
| | Kraftmiklar kynningar og framkoma á netinu - Vefnám | 25.nóv | 10 | 3 |
| | Trú og þekking á eigin styrkleikum og getu - Vefnám | 11.des | 15 | 3 |
| ***Skjala- og gæðastjórnun*** | | | | |
| | Akureyri - Skjalastjórnun í Office365 | 23.jan | 3 | 3 |
| | Skjalastjórnun: Rekjanleiki, verklag og ábyrgð | 27.jan | 6 | 6 |
| | Sauðárkrókur - Upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum | 24.feb | 1 | 4 |
| | Akureyri - Upplýsinga- og skjalastjórn | 25.feb | 10 | 4 |
| | Blönduós - Skjalastjórnun: Rekjanleiki, verklag og ábyrgð | 8.okt | 16 | 4 |
| | Sauðárkrókur - Skjalastjórnun: Rekjanleiki, verklag og ábyrgð | 9.okt | 5 | 4 |
| | Skjalastjórnun: Rekjanleiki, verklag og ábyrgð - Vefnám | 19.okt | 9 | 6 |
| ***Starfsþróunarráðgjöf til einstaklinga*** | | | | |
| | Náms- og starfsráðgjafaviðtöl | Vor 2020 | 14 | Á ekki við |
| | Náms- og starfsráðgjafaviðtöl | Haust 2020 | 27 | |
| ***Stjórnun og heilbrigt vinnuumhverfi*** | | | | |
| | Hvatning og starfsánægja - áhrif stjórnenda | 3.feb | 4 | 4 |
| | Hvatning og starfsánægja - áhrif stjórnenda | 9.mar | 9 | 4 |
| | Dómstólasýslan - Öryggismál og varnarviðbrögð | 2.apr | 7 | 4 |
| | Dómstólasýslan - Öryggismál og varnarviðbrögð | 6.maí | 1 | 4 |
| | Hlutverk hópstjórans/vaktstjórans | 18.maí | 4 | 3,5 |
| | Fjarteymisvinna - Vefnám | 26.nóv | 8 | 2 |
| | Dómstólasýslan - Viðbrögð við áföllum á vinnustað - Vefnám | 3.des | 13 | 2 |
| ***Stuðningsfulltrúi*** | | | | |
| | Stuðningsfulltrúi í skólum, nám við Borgarholtsskóla | Haust 2020 | 5 | 200-240 |
| ***Tungumál fyrir atvinnulífið*** | | | | |
| | Vönduð íslenska - tölvupóstar og stuttir textar | 29.jan | 2 | 3 |
| | Íslenskuþjálfarinn: fjarfundir í beinni útsendingu / The icelandic coach: live webinars | 16.mar | 4 | 40 |
| | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu - Vandað íslenskt mál-Hópur I | 24.mar | 4 | 2 |
| | Vönduð íslenska - tölvupóstar og stuttir textar - Fjarnámskeið | 25.mar | 3 | 3 |
| | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu - Vandað íslenskt mál - Hópur II | 26.mar | 1 | 2 |
| | Vönduð íslenska - tölvupóstar og stuttir textar - Fjarnámskeið | 2.apr | 10 | 3 |
| | Íslenskuþjálfarinn: fjarfundir í beinni útsendingu / The icelandic coach: live webinars | 16.apr | 2 | 40 |
| | Vönduð íslenska - tölvupóstar og stuttir textar - Fjarnámskeið | 30.apr | 11 | 3 |
| | Vönduð íslenska - tölvupóstar og stuttir textar - Fjarnámskeið | 28.maí | 7 | 3 |
| | Vönduð íslenska - tölvupóstar og stuttir textar - Fjarnámskeið | 4.jún | 5 | 3 |
| | Íslenskuþjálfarinn millistig / Icelandic as a second language intermediate | 24.ágú | 3 | 40 |
| | Íslenskuþjálfarinn framhald / Icelandic as a second language advanced | 1.sep | 2 | 40 |
| | Vönduð íslenska - Vefnám | 8.okt | 5 | 3 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vönduð íslenska - Vefnám | 22.okt | 5 | 3 |
| ***Tölvur og upplýsingatækni*** | | | | |
| | Almennt tölvunám, grunnur - Vefnámskeið | 21.jan | 6 | 60 |
| | Tölvuleikni - Windows stýrikerfið - Vefnámskeið | 21.jan | 2 | 18 |
| | Microsoft Teams og OneDrive | 23.jan | 13 | 3 |
| | Excel töflureiknir, grunnur - Vefnámskeið | 28.jan | 5 | 18 |
| | Vefsíðugerð - WIX - Vefnámskeið | 4.feb | 8 | 18 |
| | Ísafjörður - Office 365 | 13.feb | 1 | 7 |
| | Microsoft Teams og OneDrive | 20.feb | 7 | 3 |
| | Hugarkort, Mind Mapping - Vefnámskeið | 21.feb | 17 | 18 |
| | Myndvinnsla með snjalltækjum - Vefnámskeið | 21.feb | 22 | 18 |
| | PowerPoint / Margmiðlun og kynningar - Vefnámskeið | 25.feb | 2 | 18 |
| | Fjársjóður Google og vefgerð - Vefnámskeið | 13.mar | 7 | 18 |
| | Publisher, upplýsingamiðlun - Vefnámskeið | 13.mar | 5 | 18 |
| | Outlook / Verkefna- og tímastjórnun - Vefnámskeið | 23.mar | 9 | 18 |
| | Microsoft Teams og OneDrive - FJARNÁM | 26.mar | 14 | 3 |
| | Microsoft Teams og OneDrive - FJARNÁM | 1.apr | 6 | 3 |
| | Microsoft Teams og OneDrive - FJARNÁM | 3.apr | 9 | 3 |
| | Microsoft Teams og OneDrive - FJARNÁM | 7.apr | 12 | 3 |
| | Word ritvinnsla, framhald - Vefnámskeið | 15.apr | 3 | 18 |
| | Microsoft Teams og OneDrive - FJARNÁM | 21.apr | 3 | 3 |
| | Excel töflureiknir, framhald - Vefnámskeið | 27.apr | 13 | 18 |
| | Photoshop - Vefnámskeið | 27.apr | 5 | 18 |
| | Microsoft Teams og OneDrive - FJARNÁM | 29.apr | 15 | 3 |
| | WordPress - Vefurinn minn - Promennt - Staðnám/fjarkennsla | 11.maí | 1 | 21 |
| | Microsoft Teams og OneDrive - FJARNÁM | 12.maí | 12 | 3 |
| | Microsoft Teams og OneDrive - FJARNÁM | 25.maí | 8 | 3 |
| | Almennt tölvunám grunnur - Vefnám | 1.ágú | 2 | 60 |
| | Excel framhald - Vefnám | 1.ágú | 8 | 18 |
| | Excel grunnur - Vefnám | 1.ágú | 11 | 18 |
| | Fjársjóður Google og vefgerð - Vefnám | 1.ágú | 7 | 18 |
| | Hugarkort - Mind Mapping - Vefnám | 1.ágú | 1 | 18 |
| | Myndvinnsla með snjalltækjum - Vefnám | 1.ágú | 16 | 18 |
| | Outlook / Verkefna- og tímastjórnun - Vefnám | 1.ágú | 7 | 18 |
| | Photoshop - Vefnám | 1.ágú | 10 | 18 |
| | PowerPoint / Margmiðlun og kynningar - Vefnám | 1.ágú | 1 | 18 |
| | Publisher upplýsingamiðlun - Vefnám | 1.ágú | 3 | 18 |
| | Tölvuleikni - Windows stýrikerfið - Vefnám | 1.ágú | 1 | 18 |
| | Vefsíðugerð - WIX - Vefnám | 1.ágú | 8 | 18 |
| | Word framhald - Vefnám | 1.ágú | 1 | 18 |
| | Word grunnur - Vefnám | 1.ágú | 1 | 18 |
| | Microsoft Teams og OneDrive - Vefnám | 10.sep | 8 | 3 |
| | Almennt tölvunám grunnur - Vefnám | 15.sep | 4 | 60 |
| | Tölvuleikni - Windows stýrikerfið - Vefnám | 15.sep | 2 | 18 |
| | Excel grunnur - Vefnám | 22.sep | 7 | 18 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Word grunnur - Vefnám | 22.sep | 6 | 18 |
| | Stafræna hæfnihjólið | 30.sep | 32 | 1 |
| | Microsoft Teams – Vefnám | 6.okt | 38 | 12 |
| | Hugarkort - Mind Mapping - Vefnám | 8.okt | 6 | 18 |
| | Vefsíðugerð - WIX - Vefnám | 8.okt | 6 | 18 |
| | Microsoft Teams og OneDrive - Vefnám | 19.okt | 11 | 3 |
| | Myndvinnsla með snjalltækjum - Vefnám | 23.okt | 22 | 18 |
| | PowerPoint / Margmiðlun og kynningar - Vefnám | 23.okt | 4 | 18 |
| | Stafræna hæfnihjólið | 31.okt | 55 | 1 |
| | Fjársjóður Google og vefgerð - Vefnám | 3.nóv | 4 | 18 |
| | Outlook / Verkefna- og tímastjórnun - Vefnám | 3.nóv | 9 | 18 |
| | Publisher upplýsingamiðlun - Vefnám | 3.nóv | 2 | 18 |
| | Microsoft Teams og OneDrive - Vefnám | 11.nóv | 11 | 3 |
| | Excel framhald - Vefnám | 17.nóv | 12 | 18 |
| | Word framhald - Vefnám | 17.nóv | 3 | 18 |
| | Stafræna hæfnihjólið | 30.nóv | 6 | 1 |
| | Photoshop - Vefnám | 1.des | 6 | 18 |
| | Almennt tölvunám grunnur - Vefnám - Valfrjálst upphaf til 18.desember | 18.des | 6 | 60 |
| | Excel framhald - Vefnám - Valfrjálst upphaf til 18.desember | 18.des | 5 | 18 |
| | Excel grunnur - Vefnám - Valfrjálst upphaf til 18.desember | 18.des | 12 | 18 |
| | Fjársjóður Google og vefgerð - Vefnám - Valfrjálst upphaf til 18.desember | 18.des | 1 | 18 |
| | Hugarkort - Mind Mapping - Vefnám - Valfrjálst upphaf til 18.desember | 18.des | 1 | 18 |
| | Microsoft Teams – Vefnám - Valfrjálst upphaf til 18.desember | 18.des | 9 | 12 |
| | Myndvinnsla með snjalltækjum - Vefnám - Valfrjálst upphaf til 18.desember | 18.des | 3 | 18 |
| | Outlook / Verkefna- og tímastjórnun - Vefnám - Valfrjálst upphaf til 18.desember | 18.des | 4 | 18 |
| | Photoshop - Vefnám - Valfrjálst upphaf til 18.desember | 18.des | 1 | 18 |
| | Publisher upplýsingamiðlun - Vefnám - Valfrjálst upphaf til 18.desember | 18.des | 2 | 18 |
| | Tölvuleikni - Windows stýrikerfið - Vefnám - Valfrjálst upphaf til 18.desember | 18.des | 5 | 18 |
| | Vefsíðugerð - WIX - Vefnám - Valfrjálst upphaf til 18.desember | 18.des | 6 | 18 |
| | Word grunnur - Vefnám - Valfrjálst upphaf til 18.desember | 18.des | 5 | 18 |
| | Dómstólasýslan - Excel framhald - Vefnám | 30.des | 5 | 18 |
| | Dómstólasýslan - Excel grunnur - Vefnám | 30.des | 9 | 18 |
| | Dómstólasýslan - Microsoft Teams – Vefnám | 30.des | 22 | 12 |
| | Dómstólasýslan - Outlook / Verkefna- og tímastjórnun - Vefnám | 30.des | 9 | 18 |
| | Dómstólasýslan - Word framhald - Vefnám | 30.des | 1 | 18 |
| | Dómstólasýslan - Word grunnur - Vefnám | 30.des | 2 | 18 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ***Umhverfismál*** | | | | |
| | Frá loftslagsvísindum til aðgerða - máttur einstaklinganna | 11.mar | 5 | 3 |
| | Grænn lífsstíll – okkar framlag skiptir máli - Vefnám | 8.okt | 1 | 2,5 |
| | Umhverfisstefna hjá stofnunum - Vefnám | 29.okt | 22 | 3 |
| ***Verkefnastjórnun*** | | | | |
| | Verkefnastjórnun - fyrstu skrefin | 4.feb | 8 | 4 |
| | Verkefnastjórnun - fyrstu skrefin | 18.feb | 6 | 4 |
| | Húsavík - Verkefnastjórnun | 27.feb | 7 | 4 |
| | Verkefnastjórnun - fyrstu skrefin - FJARNÁM | 28.apr | 12 | 4 |
| | Verkefnastjórnun - fyrstu skrefin - Vefnám | 29.sep | 8 | 4 |
| | Verkefnastjórnun - fyrstu skrefin - Vefnám | 14.okt | 3 | 4 |
| | Verkefnastjórnun - verkefnisáætlun - Vefnám | 2.nóv | 10 | 4 |
| ***Viðurkenndur bókari*** | | | | |
| | Viðurkenndur bókari - Promennt | 5.ágú | 2 | 110 |
| | Viðurkenndur bókari - Promennt - Vefnám | 5.ágú | 2 | 110 |
| | Viðurkenndur bókari - Opni háskólinn í HR | 11.ágú | 2 | 132 |
| | Viðurkenndur bókari - NTV | 15.ágú | 2 | 110 |
| ***Þjónustustjórnun*** | | | | |
| | Fríhafnarskólinn, lota 2 - Sala og þjónusta - Vakt B | 7.jan | 12 | 27 |
| | Fríhafnarskólinn, lota 2 - Sala og þjónusta - Vakt A | 9.jan | 8 | 27 |
| | 20 góð ráð í þjónustusímsvörun - stafrænt nám | 12.feb | 8 | 10 |
| | 8 lyklar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum - stafrænt nám | 12.feb | 5 | 10 |
| | Kæla / róa erfiða viðskiptavini / þjónustuþega - stafrænt nám | 12.feb | 14 | 10 |
| | Þjóðerni og þjónusta - Góð ráð í samskiptum við erlenda gesti - stafrænt nám | 12.feb | 2 | 10 |
| | 20 góð ráð í þjónustusímsvörun - stafrænt námskeið | 18.mar | 6 | 10 |
| | 8 lyklar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum - stafrænt námskeið | 18.mar | 3 | 10 |
| | Kæla / róa erfiða viðskiptavini / þjónustuþega - stafrænt nám | 18.mar | 7 | 10 |
| | Þjóðerni og þjónusta - Góð ráð í samskiptum við erlenda gesti - stafrænt nám | 18.mar | 1 | 10 |
| | 5-4-1: Leikskipulag fyrir árangursríka fundi - Vefnám | 24.sep | 7 | 3 |
| | 20 góð ráð í þjónustusímsvörun - Vefnám | 12.okt | 17 | 10 |
| | 8 lyklar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum - Vefnám | 12.okt | 7 | 10 |
| | Kæla / róa erfiða viðskiptavini / þjónustuþega - Vefnám | 12.okt | 15 | 10 |
| | Þjóðerni og þjónusta - Góð ráð í samskiptum við erlenda gesti - Vefnám | 12.okt | 4 | 10 |
| | Reykjanesbær - Að þekkja þarfir þjónustuþega og veita góða þjónustu - Hópur 1 - Vefnám | 14.okt | 18 | 4 |
| | Reykjanesbær - Að þekkja þarfir þjónustuþega og veita góða þjónustu - Hópur 2 - Vefnám | 21.okt | 26 | 3 |
| | 20 góð ráð í þjónustusímsvörun - Vefnám | 15.des | 13 | 10 |
| | 8 lyklar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum - Vefnám | 15.des | 17 | 10 |
| | Kæla / róa erfiða viðskiptavini / þjónustuþega - Vefnám | 15.des | 60 | 10 |
| | Þjóðerni og þjónusta - Góð ráð í samskiptum við erlenda gesti - Vefnám | 15.des | 4 | 10 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ***Þróttur*** | | | | |
| | Þróttur Borgarnes - Agastjórnun- frávik, greiningar og sérþarfir | 4.maí | 12 | 4 |
| | Þróttur Borgarnes - Að eiga við erfiða gesti | 5.maí | 12 | 6 |
| | Þróttur Borgarnes - Fjölmenning og siðir | 6.maí | 12 | 3 |
| | Þróttur Borgarnes - Samskipti við skóla - Hvar liggja mörkin? | 7.maí | 12 | 6 |
| | Þróttur Borgarnes - Einelti í skólum | 8.maí | 12 | 3 |
| ***Önnur fræðsla eða viðburðir*** | | | | |
| | Aðalfundur Leiknar samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi | 9.jún | 14 | 2 |



Símenntun markar ný spor